



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Reykjavík 13. október 2020

2009291SA GB  
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um drög að frv. um hollustuhætti og mengunarvarnir, mál nr. S-204/2020**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 29. september sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp. Jafnframt vísast til umsagnar sambandsins um áform að umræddu frumvarpi, dags. 10. september sl.

### Almennt

Ekki er gerð athugasemd við 1. gr., þar sem sett er skýrari lagastoð fyrir ákvæðum í reglugerð er snúa að lágmarkskröfum til að sinna sundkennslu, sundþjálfun og laugargæslu.

Sambandið tekur jafnframt undir mikilvægi þess að bæta inn lagastoð fyrir eftirliti heilbrigðisnefnda með starfsemi og athöfnum sem valdið geta mengun eða ógnað hollustuháttum en eru hvorki skráningarskyld né háð starfsleyfi, sbr. 4. gr. frv. Jafnframt minnir sambandið á að við afgreiðslu tveggja frumvarpa um breytingar á hollustuháttalögum á Alþingi fyrr á þessu ári kom fram eindreginn vilji löggjafans til þess að fram fari heildarendurskoðun á lögnum. Með því tekur löggjafinn undir gagnrýni sambandsins og fleiri aðila á að löggjöfin sé orðin alltof flókin. Þeir úrskurðir sem eru tilefni fyrirhugaðra lagabreytinga nú undirstrika einnig að lagaumhverfið er í brýnni þörf fyrir veigamiklar úrbætur.<sup>1</sup>

Varðandi 5. gr. frv. er vísað til umsagnar um áformaskjal, þar sem sagði:

*Við frekari vinnslu málsins, einkum varðandi 3. lið um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, telur sambandið mikilvægt að horft verði sérstaklega til þeirrar*

---

<sup>1</sup> Sjá texta úr nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar á þingskjali 1696, 436. mál á 150. löggjþ.: „Við meðferð málsins komu fram umfangsmiklar athugasemdir við efni frumvarpsins og ljóst er að ekki ríkir einhugur um þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu. Fram komu sjónarmið þess efnis að fækkun flokka ætti frekar að vera áfangaskipt og lögð var áhersla á að lögin þörfnuðust heildarendurskoðunar til skýringar og einföldunar. Nefndin tekur undir framangreind sjónarmið og telur nauðsynlegt að fram fari heildarendurskoðun á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, enda sé lagaumhverfið flókið og torskilið. Slík heildarendurskoðun þurfi að fara fram í víðtæku samráði við hlutaðeigandi aðila, þ.e. heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, sveitarfélögin sjálf, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og atvinnulífið. Auk þess skuli við þá vinnu hafa samráð við önnur ráðuneyti eða stofnanir, sérstaklega í þeim tilvikum þegar starfsemi er háð eftirliti fleiri aðila eða þar sem sækja þarf um fleiri en eitt starfsleyfi fyrir sömu starfseminu, og tryggja aðkomu eftirlitsaðila þar sem við á þegar ekki er talin þörf á sérstöku starfsleyfi.“

áherslu löggjafans að „eftirlit fari fram sem næst starfsemi hverju sinni en hlutverk stofnana ríkisins sé að huga að samræmingu og veita aðstoð þegar með þarf. Þar verði hugað að því hvernig þekking í nærumhverfi nýtist sem best, samskipti við stjórnvöld og upplýsingagiöf sé sem aðgengilegust og atvinnustarfsemi búi við sambærilegar aðstæður óháð staðsetningu um landið. Þá telur nefndin að við endurskoðunina eigi að stefna að því að auka veg rafrænnar stjórnsýslu sem mest.“

Óskar sambandið eftir fundi með ráðuneytinu til að ræða nánar, og í meira heildarsamhengi en snýr að þeim bútasæmi sem felst í þessu frumvarpi, hver stefna ráðuneytisins er um verkaskiptingu milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Í því samhengi er einnig rík ástæða til að rýna nánar hvaða fjárhagsleg áhrif það getur haft fyrir rekstraraðila, m.t.t. eftirlitskostnaðar, hvorum megin stærðarmarkaða í viðauka IV þeir kunna að lenda.

#### **Ábendingar við einstakar greinar**

Laga þarf misritanir í 4. gr. frv.

Samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til í 4. gr. telur sambandið eðlilegt að auglýsingaskylda skv. 7. gr. laganna verði afmörkuð við starfsleyfisumsóknir sem falla undir X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Sambandið telur löngu viðurkennt að lagabreytingar sem samþykktar voru í tengslum við innleiðingu tilskipunar um losun frá iðnaði, sbr. lög nr. 66/2017, voru alltof íþyngjandi gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Það yrði til umtalsverðrar einföldunar, aukins málshraða og til þess fallið að auka samræmi í málsmeðferð við leyfisveitingar ef skýrar yrði kveðið að orði um hvenær auglýsingaskylda á við.

Þörf kann að vera á lagaskilaákvæði varðandi 5. gr. frv., þannig að tryggt verði að starfsleyfisumsókn sem þegar er í vinnslu við gildistöku lagabreytinga verði lokið af því stjórnvaldi sem fer með málið.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri